

**Nd.**

## **104. Frumvarp**

til laga um varnarþing í einkamálum.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson og Gísli Sveinsson.

### **1. gr.**

Í stað þess að höfða mál í þinghá þeirri, er stefndi býr í, getur sækjandi, ef hann kys það heldur, höfðað málið og rekið það í þeirri dómpinghá lögsagnarumdæmisins, þar sem dómari hefir skrifstofu sína. Ef málsaðiljar eru búsettir í sömu dómpinghá í lögsagnarumdæminu, skal málið rekið fyrir aukarjetti, en sju þeir búsettir í sinni þinghánni hvor, má reka málið sem gestarjettarmál.

Lög þessi ná eigi til vitnamála, landamerkjamála nje vettvangsmála.

### **2. gr.**

Um stefnufrest í málum, sem höfðuð eru samkvæmt lögum þessum, fer eftir almennum fyrirmælum laga.

### **Greinargerð:**

Landsstjórnin lagði fyrir Alþingi 1914 frv. því nær samhljóða þessu frv., en það var þá felt í efri deild með eins atkvæðis mun, að því er virðist aðallega fyrir þá sök, að frv. mundi auka málaferli, ef það yrði að lögum, og vegna þess, að lög um þetta efni mundu teftja fyrir endurskoðun rjettarfarslöggjafarinnar í heild.

Með því að ástæður þessar virðast eigi veigamiklar, en frv. hins vegar þykir vera til bóta, hefir þótt rjett að taka það upp nú.

Um ástæður þær, er fylgdu frv. frá stjórninni 1914, visast til Alþ.tíð 1914 A. bls. 77—79.

Um 1. gr.

Visast til athugasemda við frv. 1914, (Alþ.tíð 1914 A. bls. 79).

Um 2. gr.

Ákvæðum þessarar gr. er vikið nokkuð við frá því, sem þau voru i stj.-frv. 1914, og er það gert vegna þess, að fyrir Alþingi liggur nú frv. til laga um stefnufrest í einkamálum, og því óþarft og óhentugt að taka upp sjerstakar reglur um stefnufrest í þetta frv.